

Fræðslunefnd

FUNDUR – 20. ágúst 2009

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna grunnskóla, fimmtudaginn 20. ágúst 2009 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnaði fundinum.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál í Grunnskóla Blönduóss.
2. Framkvæmdir í og við grunnskólann.
3. Viðbragðsáætlun vegna innflúensunnar H1N1.
4. Foreldraverðlaun 2009/Heimsókn frá menntamálaráðuneyti og Heimili og skóla.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fund og gaf Þórhöllu skólastjóra orðið. Þórhalla kynnti að engar breytingar eru á starfsfólki í grunnskóla.
2. Farið var yfir framkvæmdir í og við grunnskólann þær hafa gengið vel og munu framkvæmdir við sundlaugarbyggingu standa í allan vetur.
3. Þórhalla fór yfir viðbragsáætlun vegna innflúensu H1N1. Öll börn fengu upplýsingablað í dag við skólasetningu og einnig er foreldrum bent á heimasíðu www.influenta.is
4. Þórhalla kynnti að grunnskólinn hlaut foreldraverðlaun frá samtökum Heimilis og skóla 2009. Fyrirhuguð er heimsókn frá menntamálaráðuneytinu og Heimili og Skóla þriðjudaginn 8. september 2009. Nefndin lýsir ánægju sinni með þessa góðu viðurkenningu sem skólinn fékk.
5. a) Auðunn fór yfir bréf sem hafa borist nefndinni annars vegar frá Unicef og hins vegar frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu. Nefndin hvetur bæjaryfirvöld til að draga ekki úr þeirri frítímaþjónustu sem fyrir er.
b) Þórhalla kynnti að búið er að leysa aðstöðumál hjúkrunarfræðings í skólanum.
c) Þórhalla kynnti að skólaakstur og skólamáltíðir eru með sama sniði og áður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:45

*Auðunn Steinn Sigurðsson
Heiðrún Edda Bjarkadóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Héðinn Sigurðsson*

Jakobína Halldórsdóttir

*Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri grunnskólans
Lilja Jóhanna Árnadóttir fulltrúi starfsmanna grunnskólans.*